

BORGARRÁÐ 29. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um rafmagnsstrætisvagna - R19080205

Fyrirspurn frá Flokki fólksins um rafmagnstrætó og hvernig reynslan hafi verið af þeim: Árið 2017 var sagt frá því að Strætó bs. hafi fjárfest í 9 hreinum rafstrætisvögnum frá kínverska framleiðandanum Yutong. „Hröð skref yrðu stigin í átt að rafvæðingu flotans sem spara myndi yfir 1.000 tonn af útblæstri gróðurhúsaloft tegunda strax á næsta ári. Segir einnig í þessari frétt frá 2017: Í júní næstkomandi mun Strætó bs. taka í notkun fyrstu fjóra rafmagnsvagnana af þeim níu sem fyrirtækið hefur fest kaup á úr verksmiðjum Yutong í Kína. Verða það fyrstu strætisvagnarnir héraendis sem einvörðungu verða knúnir áfram af rafmagni. Vagnarnir sjást sjaldan í umferðinni og langar borgarfulltrúa Flokks fólksins að fá upplýsingar um hvernig reynslan hefur verið með þessa 9 rafmagnsvagna og hvort bílaflotinn sé ekki allur að rafvæðast?